

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Lundarskarð, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 8. maí 2024 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Lundarskarð sem staðfest var 15. apríl 2021. Breytingin snýr að færslu á byggingarreit A, hætt er við byggingu íbúðarhúss/gestahúss, en þess í stað er verið að byggja þrjú gestahús. Byggingarmagn eykst lítillega. Gert er ráð fyrir að hvert gestahús verði allt að 60 m² að stærð. Byggingarreitur B færist örlítið til.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 6. júní 2024.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2024